

## 2.

## Á ÖÐRU LEITINU ER GLÖTUN, Á HINU GÆFA.

Á árinu, sem nú er að kveðja, lauk hinni geigvænlegustu styrjöld, sem sagan segir frá.

Almætti elds og stáls lagði í rúst jafnt byggð sem borg, vökvaði akur og engi mannanna blóði, en hæll kúgarans traðkaði á vilja og rétti hins veikari.

Þeim heljarátökum má nú að heita lokið. Í nafni jafnréttis, bræðralags og ákvörðunarréttar var sigurinn unnin. Honum var fagnað meir og af fleirum en nokkur dæmi eru til. Aldrei hafa jafnmörg mannshjörtu hlakkað og þakkað, sem yfir þeim sigri. Aldrei verða vonsvikin svo víðtæk og hörmuleg sem nú, ef út af ber.

Íslendingar vilja að sjálfsögðu vera í tölu þeirra, sem slá skjaldborg um friðinn. - Við vitum, að við erum þess ekki megnugir að ráða neinu í þeim efnum. Þeim sem þá örlagaþræði spinna, heyra ekki rödd svo fámennrar þjóðar. - Lóðs okkar gætir ekki á þeirri vogarskál. Óskir okkar eru því léttvægar. Vilji okkar vanmátta.

En þótt við fáum engu um þetta ráðið, hugsum við um það og ályktum. Einnig og ekki sízt vegna þess, að fari skriðan at stað, er nær víst, að hún mun sópa burtu lífi Íslendinga og fjármunum. Að treysta öðru væri óskynsamlegt.

Við Íslendingar verðum að byggja traust okkar á því, að nú, þegar valdamönnum heimsins er ljóst orðið, að ný styrjöld leiðir til tortímingar, svo að um er að velja að lifa í heimi friðarins eða lifa ekki, mun það glapræði aldrei frammar henda, að til styrjaldar fái dregið.

Reynist þetta ekki oftraust, verður ársins 1945 um allar aldir minnst í sögu allra þjóða sem endis hins versta sjálfskaparvítis, er mannkynið hefir þjáð. En þess verður þá einnig og engu síður getið sem upphafs þeirrar gerbreytingar á högum og háttum allra, er leiða mun af réttri hagnýtingu atómorkunnar í þágu nýrrar og áður óþekkrar velsældar öllum til handa.

Þetta er viðhorfið. Á öðru leitinu glötun. Á hinu gæfa. Aldrei hefir jafn mikið oltið á réttu vali. Aldrei hefir valið sýnzt jafn vandalaust. Í þessu liggja vonirnar. Sé skynsemi mannanna eigi myrkvuð, gifta þeirra eigi ofurseld illum örlögum, geta þær vonir varla brugðist. Þannig hljótum við Íslendingar að alýkta. Og það sjónarmið breytist ekkert, þótt aðra stundina dragi ský fyrir sólu, er nýir og nýir örðugleikar verða á vegi friðarins. Slíkt þarf engum að koma á óvart og ræður ekki úrslitunum.

Það væri mikil yfirsjón, ef Íslendingar létu hugarvél út af því, er þá kann að henda af annarra völdum, skyggja á þá staðreynd, að án eigin dáða geta þeir einskis góðs vænzt af framtíðinni.

Áramótaávarp, 31. desember 1945.

(Mbl. 3. janúar 1946).